


Nr.: GAT-045
Útgáfa: 07
Dags.: 08.04.2010
Höfundur: GLÁ
Samþykkt: HJS
Síða 1 af 1

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Áfangaheiti BRA 301
Kennsluáætlun 5 önn vor 2011



Kennari	Bragi Finnbogason	Sk.st.	BFI
---------	-------------------	--------	-----

Áfangalýsing:

Farið í grundvallaratriði ljósfræði og lýsingartækni. Farið yfir ýmsar gerðir ljóskera og íhluti tengda þeim, prófanir, viðhald og viðgerðir. Raflagnir: Varbúnaður, val á leiðara, tengingar, bilanaleit og viðgerðir. Farið yfir reglugerð um ljósabúnað. Unnið að stillingum aðalljósksra í bifreiðum.

Markmið:

Nemandi þekki: Helstu gerðir ljósgjafa og ljóskera í ökutækjum, virkni þeirra og viðhaldsreglur. Kröfur reglugerða um ljósabúnað sem skylt er að hafa í ökutækjum svo og ljósabúnað sem leyfilegt er að hafa.

Nemandi geti: Prófað ljósabúnað og fundið bilanir, gert við bilanir í ljósakerfi og raflögnum. Skipt um ljósgjafa og ljósker ásamt búnaði, stillt aðalljósken og önnur ljósker sem krafist er að séu stillt.

Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1. Útg. 2006.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

Ljósrit kennara.

Áætlun um yfirferð:

Nemendum kynnt námsefni lutunnar: Farið í grundvallaratriði ljósfræði og lýsingartækni. Farið yfir ýmsar gerðir ljóskera og íhluti tengda þeim, prófanir, viðhald og viðgerðir. Raflagnir: Varbúnaður, val á leiðara, tengingar, bilanaleit og viðgerðir. Farið yfir reglugerð um ljósabúnað. Nemendur vinna tvö heimaverkefni og þeim ber að skila í upphafi kennslu næsta skóladags. Unnið að stillingum aðalljósksra í bifreiðum. Nemendur vinna verkleg verkefni og skila um það skriflegum upplýsingum og þreyta bóklegt lokapróf.

Verkefni:

Verklegt verkefni, skrifleg verkefni og lokapróf.

Námsmat og vægi námsþáttta:

Próf 40%. Verkefni 40%. Ástundun 20%.

Annað:

90% viðvera í kennslustundum er forsenda þess að nemandi fái að stunda nám í áfanganum, fari nemandi undir þau mörk er litið svo á að hann hafi sagt sig úr áfanganum.

Sé nemanda vísað úr áfanganum vegna fjarvista getur hann aðeins sótt um heimild hjá kennara til að taka próf og halda áfram námi í áfanganum með framvísun vottorðs frá lækni eða viðlíska gagna. Verður sú umsókn að koma fram ekki síðar en sex dögum eftir að nemandi fór yfir fjarvistamörk. Áskilin er réttur til breytinga á verkröð og öðrum þáttum.

Dagsetning: 05/01/2011

Bragi Finnbogason

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils